

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 6. febrúar 1987

um breytingu á II. viðauka við tilskipun ráðsins 72/276/EBE um samræmingu á lög-
um aðildarríkjanna um tilteknar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr
tveimur efnum

(87/184/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 71/307/EBE frá 26. júlí
1971 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tex-
tílheiti ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun
83/623/EBE ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 15. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 71/307/EBE eru ákvæði um vörumerkingar þar
sem trefjar í textílvörum eru auðkenndar en með greiningu
er kannað hvort þessar vörur samræmast upplýsingum sem
fram koma á vörumiða.

Á grundvelli 2. mgr. 13. gr. fyrrnefndrar tilskipunar er í
II. viðauka við tilskipun ráðsins 72/276/EBE ⁽³⁾, eins og
henni var síðast breytt með tilskipun 81/75/EBE ⁽⁴⁾, mælt
fyrir um fimmtán samræmdar greiningaraðferðir fyrir flest-
ar textílvörur samsettar úr blöndum tveggja efna sem eru á
markaðinum.

Samkvæmt þeirri reynslu sem fengist hefur smám saman á
rannsóknarstofum í einstökum aðildarríkjum og niðurstöð-
um prófana sem hafa verið gerðar milli rannsóknarstofa á
vegum framkvæmdastjórnarinnar er nauðsynlegt að:

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 185, 16. 8. 1971, bls. 16.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 353, 15. 12. 1983, bls. 8.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 173, 31. 7. 1972, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 57, 4. 3. 1981, bls. 23.

— endurbæta aðferð nr. 2 með því að fella inn í hana
notkun viðbótarhvarfefnis sem hefur stöðuga verkun
og auðvelt er að laga,

— breyta tilteknum atriðum í aðferð nr. 8 sem lúta að
því að einfalda framkvæmd prófunarinnar og tryggja
samræmdar niðurstöður,

— fella niður aðferð nr. 12 þar sem hún hefur ekki reynst
nægilega nákvæm.

Í tilskipun 72/276/EBE er ekki fjallað um textílvörur
sem samsettar eru úr blöndum af klórtrefjum, tilteknum
móðakríltrefjum, tilteknum elastantrefjum, asetattrefjum,
þríasetattrefjum og tilteknum öðrum trefjum sem einnig
er skylt að vörumerkja eins og áskilið er í tilskipun
71/307/EBE. Því ber að taka upp samræmdar greiningar-
aðferðir sem eiga við þessar vörur.

Ákvæði tilskipunar þessarar eru í samræmi við álit nefndar-
innar um tilskipanir um textílheiti og merkingar textílværa.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 2. hluta II.
viðauka við tilskipun 72/276/EBE:

1. Sérstöku aðferðunum nr. 2, 8 og 12 er breytt í samræmi
við I. viðauka við tilskipun þessa.
2. Sérstakri aðferð nr. 16 í II. viðauka við tilskipun þessa
er hér með bætt við.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu leiða í lög nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. september 1988 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Strax og tilkynnt hefur verið um tilskipun þessa skulu aðildarríkin einnig láta framkvæmdastjórnina vita um hver þau drög að lögum og stjórnslufyrirmælum sem þau hyggjast samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til svo að hún geti lagt fram athugasemdir í tæka tíð.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. febrúar 1987.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Grigoris VARFIS
framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Breytingar á 2. hluta („Sérstakar aðferðir“) II. viðauka við tilskipun 72/276/EEB

Aðferð nr. 2:

Í stað textans komi eftirfarandi:

„*AÐFERÐ NR. 2*“

**TILTEKNAR EGGJAHVÍTUEFNISTREFJAR OG AÐRAR TILTEKNAR TREFJAR
(Aðferð þar sem hýpóklórít er notað)****1. GILDISSVIÐ**

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, við blöndur úr tveimur efnum:

1. tilteknum eggjahvítuefnistrefjum, til að mynda: ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), endurmynduðu eggjahvítuefni (21)

og

2. baðmull (5), kúpró (19), módal (20), viskósu (23), akríl (24), klórtrefjum (25), pólýamíði eða næloni (28), pólýester (29), pólýprópýlen (31), elastan (37) og glertrefjum (38).

Ef fleiri en ein gerð eggjahvítuefnistrefja er til staðar veitir aðferðin upplýsingar um heildarmagn þeirra en ekki hundraðshluta hvers og eins.

2. MEGINREGLA

Eggjahvítuefnistrefjarnar, í þekktu, þurru efnismagni af blöndunni, eru leystar upp með hýpóklórítlausn. Óleysanlega hlutanum er safnað saman, hann þveginn, þurrkaður og veginn; efnismagnið, leiðrétt ef nauðsyn krefur, er gefið upp sem hundraðshluti þurrs efnismagns blöndunnar. Hundraðshluti þurru eggjahvítuefnistrefjanna er reiknaður út sem mismunur.

Unnt er að nota annaðhvort líþíumhýpóklórít eða natríumhýpóklórít við lögun hýpóklórítlausnarinnar.

Mælt er með líþíumhýpóklórít í tilvikum þar sem um fáar greiningar er að ræða eða þegar tiltölulega langt hlé verður á milli greininga. Ástæðan er sú að hundraðshluti hýpóklóríts í líþíumhýpóklórít í föstu formi — ólíkt því sem á við natríumhýpóklórít — er því sem næst stöðugur. Sé hundraðshluti hýpóklóríts þekktur er óþarft að kanna hýpóklórítmagn við hverja greiningu með mælingum með joðaðferð þar sem unnt er að nota stöðugt, vegið líþíumhýpóklórítmagn.

3. BÚNAÐUR OG HVARFEFNI (önnur en þau sem tilgreind eru í almennu leiðbeiningunum)**3.1. Búnaður**

- i) 250 ml Erlenmeyerkolba með slípuðum glertappa;
- ii) hitastillir, stillanlegur á $20 (\pm 2) ^\circ\text{C}$.

3.2. Hvarfefni**i) Hýpóklórít-hvarfefni****a) Líþíumhýpóklórítlausn**

Hvarfefni þetta er samsett úr nýlagaðri lausn, sem hefur að geyma $35 (\pm 2)$ g/l af virku klóri (u.þ.b. 1 M) sem $5 (\pm 0,5)$ g/l af natríumhýpóklórít, sem áður hefur verið uppleyst, er bætt í. Lögun fer þannig fram að 100 grömm af líþíumhýpóklórít, sem inniheldur 35% virkan klór (eða 115 grömm sem innihalda 30% virkan klór), eru leyst upp í u.þ.b. 700 ml af eimuðu vatni, bætið við 5 grömmum af víttissóða sem uppleyst eru í u.þ.b. 200 ml af eimuðu vatni og bætið eimuðu vatni við að 1 lítra. Óþarft er að kanna þessa nýlögðu lausn með mælingum þar sem joðaðferð er beitt;

b) Natríumhýpóklórítlausn

Hvarfefni þetta er samsett úr nýlagaðri lausn, sem hefur að geyma $35 (\pm 2)$ g/l af virku klóri (u.þ.b. 1 M) sem $5 (\pm 0,5)$ g/l af víttissóða, sem áður hefur verið uppleystur, er bætt í.

Kannið fyrir hverja greiningu innihald virks klórs í lausninni með mælingum þar sem joðaðferð er beitt;

ii) Þynnt ediksýra

Þynnið 5 ml af ísediki með vatni að einum lítra.

4. VINNUAÐFERÐ VIÐ PRÓFUN

Fylgið vinnuaðferð þeirri sem lýst er í almennu leiðbeiningunum og haldið áfram sem hér segir: blandið u.þ.b. 1 grammi af sýninu saman við u.þ.b. 100 ml af hýpóklórítlausninni (líþumhýpóklórít eða vítissóði) í 250 ml kolbunni og hrærið vel og vandlega til þess að gegnbleyta sýnið.

Hitið síðan kolbuna í hitastilli í 40 mínútur við 20 °C og hrærið stöðugt eða a.m.k. með reglulegu millibili. Þar eð varmaorka leysist úr læðingi við uppleysingu ullarinnar skal dreifa eða eyða varma þeim sem myndast við efnahvörfin sem eiga sér stað þegar þessari aðferð er beitt. Að öðrum kosti getur uppleysing óleysanlegra trefja í upphafi valdið umtalsverðum skekkjum.

Síð innihald kolbunnar að 40 mínútum liðnum gegnum vegna síudeiglu með glersíu og flytjið allar úppleystar trefjar yfir í deigluna með því að skola kolbuna með örliðu hýpóklóríthvarfefni. Þurrkið deigluna með loftsogi og þvoið óleysanlega hlutann fyrst með vatni, þá þynnti ediksýru og loks vatni og þurrkið deigluna með loftsogi eftir hvern þvott. Beitið loftsogi aðeins þegar þvottalögurinn hefur síast í gegn án tilverknáð þess.

Tæmið að lokum deigluna með loftsogi, þurrkið hana og óleysanlega hlutann, kælið og vigtið.

5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reiknið niðurstöður út á þann hátt sem lýst er í almennu leiðbeiningunum. Gildi d er 1,00 nema fyrir baðmull, viskósu og módal þar sem d jafngildir 1,01 og óbleikta baðmull þar sem d jafngildir 1,03.

6. NÁKVÆMNI AÐFERÐARINNAR

Öryggismörk fyrir niðurstöður, sem fengnar eru með þessari aðferð þegar henni er beitt á einsleita blöndu textílefna, eru í hæsta lagi ± 1 miðað við 95% öryggisstig.

Aðferð nr. 8

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á textanum:

Í 4. tölulið („VINNUAÐFERÐ VIÐ PRÓFUN“) hljóði fimmta, sjötta og sjöunda málsgrein þannig:

„Flytjið allar úppleystar trefjar yfir í deigluna með því að skola krukuna með dímetýlformamíði. Þurrkið deigluna með loftsogi. Þvoið óleysanlega hlutann með u.þ.b. einum lítra af 70 – 80 °C vatni og fyllið deigluna í hvert sinn. Beitið loftsogi skamma stund í hvert sinn eftir að vatni hefur verið bætt í en ekki fyrir en vatnið hefur síast í gegn án loftsogs. Síst þvottalögurinn of hægt gegnum deigluna er heimilt að beita lítilsháttar loftsogi. Þurrkið að lokum deigluna með óleysanlega hlutanum, kælið og vigtið.“

5. töluliður („ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA“) hljóði þannig:

„Reiknið niðurstöður út á þann hátt sem lýst er í almennu leiðbeiningunum. Gildi d er 1,00 nema í eftirfarandi tilvikum:

ull	1,01
baðmull	1,01
kúpró	1,01
módal	1,01
pólýester	1,01.“

Aðferð nr. 12

Þessi aðferð falli brott.

II. VIÐAUKI

AÐFERÐ NR. 16

KLÓRTREFJAR, TILTEKNAR MÓDAKRÍLTREFJAR, TILTEKNAR ELASTANTREFJAR, ASETATTREFJAR, ÞRÍASETATTREFJAR OG AÐRAR TILTEKNAR TREFJAR**(Aðferð þar sem sýklóhexanon er notað)**

1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, við blöndur úr tveimur efnum:

- asetati (17), þríasetati (22), klórtrefjum (25), tilteknum módakrílum (27), tilteknum elastantrefjum (37) og
- ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), kúpró (19), módal (20), viskósu (23), pólýamíði eða næloni (28), akríl (24) og glertrefjum (38).

Séu módakríl- eða elastantrefjar til staðar skal fyrst framkvæma forprófun til þess að komast að hvort trefjarnar séu algerlega leysanlegar í hvarfefninu.

Einnig er mögulegt að greina blöndur sem innihalda klórtrefjar með því að beita aðferð nr. 9 eða 15.

2. MEGINREGLA

Asetat- og þríasetattrefjarnar, klórtrefjarnar, tilteknar módakríltrefjar og tilteknar elastantrefjar, í þekktu, þurru efnismagni af blöndunni, eru leystar upp með sýklóhexanoni við hitastig nálægt suðumarki. Óleysanlega hlutanum er safnað saman, hann þveginn, þurrkaður og veginn; efnismagnið, leiðrétt ef nauðsyn krefur, er gefið til kynna sem hundradshluti þurrs efnismagns blöndunnar. Hundradshluti klórtrefjanna, módakríl, elastan, asetat og þríasetat er reiknaður út sem mismunur.

3. BÚNAÐUR OG HVARFEFNI (önnur en þau sem tilgreind eru í almennu leiðbeiningunum)

3.1. Búnaður

- Búnaður fyrir skiljun við háan hita sem hentar til notkunar við framkvæmd prófunarinnar í 4. hluta. (Sjá meðfylgjandi skýringarmynd af afbrigði búnaðarins sem lýst er í *Melliand Textilberichte* 56 (1975) 643-645;)
- síudeigla undir sýnið;
- gropin þynna (gropstig 1);
- endurstreymisþéttir sem passar á eimingarkolbur;
- hitari.

3.2 Hvarfefni

- Sýklóhexanon, suðumark 156 °C;
- etanól, 50% miðað við rúmmál.

Athugið: Sýklóhexanon er eldfimt og eitrad. Gera skal viðeigandi varúðarráðstafanir við notkun þess.

4. VINNUAÐFERÐ VIÐ PRÓFUN

Fylgið vinnuaðferð þeirri sem lýst er í almennu leiðbeiningunum og haldið áfram sem hér segir:

Hellið 100 ml af sýklóhexanoni í eimingarkolbuna fyrir hvert gramm af sýni; komið síðan fyrir skiljun-
arbúnaðinum, sem síudeiglan með sýninu og gropnu þynnunni, lítilla skáhallri, hefur áður verið sett í. Setjið þéttinn fyrir endurstreymið á. Hitið að suðu og haldið skiljun áfram í 60 mínútur með minnst 12 snúningum á klukkustund. Fjarlægjið flátið undir útdráttinn að lokinni skiljun og kælingu, takið síudeigluna út og fjarlægjið gropnu þynnuna. Þvoið innihald síudeiglunnar þrisvar til fjórum sinnum með 50% etanóli sem hitað er í u.þ.b. 60 °C og þar á eftir með einum lítra af 60 °C heitu vatni.

Beitið ekki loftsgögn á meðan eða á milli þess sem þvegið er. Látið vökvann fyrst síast í gegn og beitið síðan loftsgögn.

Þurrkið að lokum deigluna og óleysanlega hlutann, kælið og vigtið.

5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reiknið niðurstöður út á þann hátt sem lýst er í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00 með eftirfarandi undantekningum:

silki: 1,01

akríl: 0,98.

6. NÁKVÆMNI AÐFERÐARINNAR

Öryggismörk fyrir niðurstöður, sem fengnar eru með þessari aðferð þegar henni er beitt á einsleita blöndu textílefna, eru í hæsta lagi ± 1 miðað við 95% öryggisstig.